



UMSÖGN

Viðtakandi: Skipulags- og samgönguráð

Sendandi: Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar

Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um fyrirhugaðan Vetrargarð (US210057).

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 10. mars sl. var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins:

Fulltrúi Flokks fólksins óskar eftir upplýsingum um hvernig skipulagsyfirvöld Reykjavíkur hyggjast fyrirbyggja það að börn sem eru að leika sér í fyrirhuguðum Vetrargarði í Efra Breiðholti og renna sér í skíðabrekkunni í Jafnaseli andi ekki að sér mengandi útblæstri umferðar af hraðbraut Arnarnesvegur sem leggja á þvert yfir Vatnsendahvarf? Vegurinn mun samkvæmt skipulagi liggja alveg við skíðabrekkuna í Jafnaseli og Vetrargarðinn. Á gráum dögum er fyrirbyggjandi að mikil mengun verður á þessu svæði, svæði þar sem börn stunda áreynsluþróttir á sama tíma og þau anda að sér mengun frá umferð sem er á leið inn og út úr Kópavogi.

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar, þann 24. mars sl.

Svar við fyrirspurn:

Arnarnesvegur er þjóðvegur og í veghaldi Vegagerðarinnar. Af hálfu skrifstofunnar er því einungis hægt að svara fyrirspurninni í samræmi við almennar áherslur Reykjavíkurborgar í samgöngumálum.

Reykjavíkurborg stefnir á að auka hlutdeild gangandi, hjólandi og almenningssamgangna í samgöngum borgarinnar. Þá hefur borgin jafnframt reynt að hvetja til aukinnar notkunnar vistvænna orkugjafa í bifreiðum og takmarka notkun negldra dekkja. Með þessum aðgerðum hefur borgin leitast við að draga úr mengun sem hlýst af samgöngum innan borgarinnar. Ljóst er að jarðefnaeldsneyti verður áfram notað á bifreiðar á Íslandi næstu áratugi en samkvæmt aðgerðaráætlun stjórnvalda í loftlagsmálum er stefnt að því, að óheimilt verði að meginreglu að nýskrá bensín- og dísilbíla á Íslandi frá og með árinu 2030.

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur fylgist með loftgæðum í borginni, gefur út viðvaranir þegar loftgæði eru slæm og leiðbeiningar til viðkvæmra hópa um að halda sig innandyr. Í þessu skyni



rekur heilbrigðiseftirlitið tvær færanlegar loftgæðastöðvar, sem eftir atvikum væri hægt að nýta til að fylgjast tímabundið sérstaklega með loftgæðum við vetrargarðinn.

Í umferðarlögum er jafnframt að finna heimild fyrir sveitarfélög og Vegagerðina til að takmarka umferð vélknúinna ökutækja um stundarsakir vegna mengunar, sem kann að vera beitt ef mengun í lofti fer yfir heilsuverndarmörk.

Þorsteinn R. Hermannsson
samgöngustjóri